

Föstudaginn 5. marz 1954.

Nr. 8/1952. **Helgi Benediktsson** (Sigurður Ólason)

gegn

Hjálmar Jónssyni (Gunnar Þorsteinsson).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ólafur Jóhannesson og Ólafur Lárusson.

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta var rekið í héraði fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja. Átti héraðsdómur samkvæmt 4. tölulið 2. mgr. 5. gr. laga nr. 85/1936 að leita sátta um dómkröfur aðilja í þinghaldi 25. maí 1950, eftir að stefndi í héraði hafði lagt fram greinargerð af sinni hálfu, sbr. 2. mgr. 106. gr. sömu laga. Sönnur brestur á, að héraðsdómur hafi þá eða síðar leitað sátta í málinu, og verður því að ómerkja dóm og málsmeðferð í héraði frá þeim tíma, er sátta bar að leita samkvæmt framansögðu, og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Þá ber og að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda, sem krafizt hefur málskostnaðar, málskostnað í Hæstarétti, kr. 1.200,00.

Dómsorð:

Dómur og málsmeðferð í héraði frá 25. maí 1950 eiga að vera ómerk, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Stefndi, Hjálmar Jónsson, greiði áfrýjanda, Helga Benediktssyni, kr. 1.200,00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 20. okt. 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 27. sept. sl. og endurupptekið hinn 14. þ. m. og lagt að nýju í dóm þann dag, er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja af Hjálmar Jónssyni, Vesturvegi 34, Vestmannaeyjum, með stefnu, út gefinni 27. apríl 1950, birtri 2.

maí 1950, á hendur Helga Benediktssyni útgerðarmanni, Vestmannaeyjum, til greiðslu á vangoldnu kaupum frá þeim tíma, er stefnandi var stýrimaður á skipi stefnds, m/b Helga, VE. 333.

Gerir stefnandi þær réttarkröfur, að stefndur verði dæmdur til að greiða honum kr. 25.028,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1948 til greiðsludags og málskostnað samkv. taxta Lögmannafélags Íslands. Svo krefst stefnandi, að viðurkenndur verði með dómi réttarins sjóveðréttur í m/b Helga, VE. 333, fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Stefndur mætti í málinu og gerði þær réttarkröfur, að hann yrði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og sér yrði tildæmdur málskostnaður eftir mati réttarins.

Málsatvik eru eftirfarandi:

Um áramótin 1942—1943 réðst stefnandi á skip stefnds, m/b Helga, VE. 333. Var hann síðan á skipinu, að því er virðist óslitið, til hausts 1948. Fór hann þá af skipinu og hvarf úr þjónustu stefnds. Kveðst hann þá hafa átt inni stórar fjárhæðir hjá stefndum í vangoldnu kaupum. Hefur hann lagt fram reikning frá stefndum yfir viðskipti þeirra á árinu 1947, og sýnir hann inneign stefnanda í ársbyrjun 1948, kr. 18.475,58. Í framhaldi af þeim reikningi hefur stefnandi lagt fram reikning, er hann hefur sjálfur samið yfir viðskipti þeirra á árinu 1948, og er hann á þessa leið:

Aflahl. úr 4142 málum á ca. 31 kr. pr. mál	4.494,00
Kaup í 47 daga, kr. 360 pr. mánuð	564,00
Kaup í siglingum í ca. 3 mán., kr. 2.700 pr. mán.	8.100,00
% af aflasölum í Englandi, 0,31% af ca. kr. 450.000,00 ...	1.395,00
Úttekið frá 1. jan. til 31. maí ca.	8.000,00

Sýnir hann þannig inneign stefnanda í árslok 1948 kr. 25.028,58, og er það sú fjárhæð, er stefnandi krefst greiðslu á í máli þessu. Reikning frá stefndum um viðskipti þeirra á árinu 1948 kveðst stefnandi ekki hafa fengið, og tók stefnandi það fram strax í upphafi máls þessa, að reikningur sinn væri bráðabirgðareikningur, en krafðist þess, að hann yrði lagður til grundvallar eins og hann væri, ef stefndur legði ekki fram viðskiptareikning sinn. Stefndur hefur allt að einu engan viðskiptareikning lagt fram í málinu. Við aðiljayfirheyrslu taldi stefnandi, að tekjuliðir reiknings síns, stýrimannskaup og aflahlutur á síldveiðum veturinn 1948 og söluþrósentur í utanlandssiglingum, væri réttur, og einnig sýndi reikningurinn þá fjárhæð, kr. 8.000,00, er stefnandi hafði mótttekið í peningum frá stefndum á árinu 1948. Hins vegar kvaðst hann halda, að engin vöruúttekt væri innifalin í þeirri upphæð, og mundi hún því vera vantalin á reikningnum. Leiddi það til þess, að stefnukrafan væri eitthvað of há, en ekki næmi það miklu, þar eð vöruúttekt sín hjá stefndum á árinu 1948 hefði verið lítil. Gizkaði hann á, að hún hefði numið ca. 500—2.000 krónum.

Áður en mál þetta hófst, en eftir að stefnandi hafði hætt störfum

hjá stefndum, höfðaði hann mál gegn stefndum út af vangoldnum kaupkröfum, og að því er hann sjálfur segir, fyrir litlum hluta inn eignar sinnar hjá stefndum. Kveður stefnandi, að sér hafi jafnan gengið treglega að fá greiðslur hjá stefndum og viðskiptareikning hafi hann aðeins fengið árlega og ekki fyrr en nokkuð var komið fram á næsta ár. Er komið var fram á árið 1948, fékk stefnandi viðskiptareikning sinn fyrir árið 1947, og sýndi hann þá innstæðu, sem áður er tilgreind. Stefnandi taldi hins vegar, er hann hafði athugað reikninginn, að innstæða sín væri of lítil, þar eð kaup sitt á árinu væri vanreiknað að ýmsu leyti. Jafnframt komst stefnandi að því, að stefndur vanreiknaði kaup hans á árinu 1948, þótt hann hins vegar hefði ekki fengið viðskiptareikning fyrir það ár. Kveðst hann hafa átt tal um þetta við stefndan ásamt fyrsta vélstjóra skipsins, Jóni Valdemarssyni, og hafi þá komið í ljós, að stefndur taldi, að þeim bæri minna kaup á árinu 1948 en þeir sjálfir álitu, að þeir ættu tilkall til. Í september 1948 kveðst stefnandi hafa farið til stefnds og farið fram á að fá uppgjör, en stefndur hafi tekið dauft í það og sagt, að illa stæði á fyrir sér með peninga. Upp úr þessu fór stefnandi til Jóns Eiríkssonar héraðsdómslögmanns og beiddi hann aðstoðar. Eftir tilmælum stefnanda ritaði Jón Eiríksson stefnu út af ágreiningskröfunum, og er hún á þessa leið:

... „Mér hefur tjáð Hjálmar Jónsson, Vesturvegi 34 hér í bæ, að hann þurfi að höfða mál fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja á hendur Helga Benediktssyni útgm. hér í bæ til greiðslu á vangoldnum stýrimannslaunum, kauptryggingu á síldveiðum, strandsiglingabóknun og fæðishlunnindum á árunum 1947 og '48, allt til samans kr. 2.879,30, ásamt 5% ársvöxtum frá deginum í dag að telja til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Fyrir því stefnist hér með með eins sólarhrings stefnufresti nefndum Helga Benediktssyni fyrir sjó- og verzlunardóm Vestmannaeyja, sem haldinn verður að Tindastóli fimmtudaginn 30. september nk. kl. 4½ — o. s. frv.

Stefna þessi var gefin út 28. september 1948, og er hún hafði verið birt stefndum, boðaði hann stefnanda og Jón Eiríksson á sinn fund. Komu þeir báðir til hans hinn 30. september, og varð þá að samkomulagi, að stefndur fengi fullnaðarkvittun fyrir stefnukröfunni ásamt kostnaði með greiðslu á kr. 3.000,00. Greiddi stefndur síðan upphæðina, og kvittuðu þeir báðir, stefnandi og Jón Eiríksson, á eftirrit af stefnunni, og er kvittun þeirra á þessa leið:

„Framanrituð stefnukrafa er mér að fullu greidd með kr. 3.000,00, — þrjú þúsund krónum, — og er þar með öllum kröfum mínum fullnægt.

Ve., 30.9. 1948.
Hjálmar Jónsson.
Samþykktur:
Jón Eiríksson.“

Að þessu loknu mætti Jón Eiríksson í sjó- og verzlunardómi á tilskildum tíma og lét þar þingfesta málið og síðan hefja það. Auk stefnu lagði hann fram greinargerð, en reikning hins vegar ekki. Í greinargerðinni er stefnukrafan sundurliðuð og jafnframt gerð grein fyrir hinum einstöku liðum. Tekið er fram, að stefndur hafi ekki viljað viðurkenna né greiða þessa kröfuliði, og einnig er stefnanda geymdur réttur til sjálfstæðrar málshöfðunar, ef ágreiningur kynni að rísa út af frekari viðskiptum aðiljanna, eftir því sem viðskiptareikningur kynni að gefa tilefni til.

Hinn 14. janúar 1949 kveðst stefnandi síðan hafa komið á skrifstofu stefnds og átt tal við hann. Ætlaði stefnandi þá að fara að semja skattskýrslu sína og þurfti þá að fá upp gefna inneign sína hjá stefndum um áramótin. Kveðst hann hafa spurt stefndan, hver hún væri og hvað laun sín hjá honum hefðu numið miklu á árinu og hvenær hann gæti vænt þess að fá uppert. Hafi þá stefndur svarað því til, að viðskipti þeirra hafi verið gerð upp að fullu hinn 30. sept. sl. og síðan hefði stefnandi tekið eitthvað smávegis út í verzlunum sínum og skuldaði sér því eitthvað lítils háttar. Kveðst stefnandi þegar hafa andmælt þessu og tekið fram, að greiðsla stefnds hinn 30. sept. sl. og kvittunin, sem hann fékk fyrir greiðsluna, hafi aðeins lotið að þeim kröfum, sem ágreiningur var um og stefnt var út af, en ekki þeim kröfum, sem ágreiningslausar voru. Þessu hafi stefndur mótmælt og sagt, að hann byggist við, að kvittunin héldi.

Eftir þetta höfðaði stefnandi mál gegn stefndum til greiðslu inneignar sinnar, en það mál var hafið og höfðað að nýju með þessu máli, og gerir stefnandi þær réttarkröfur, sem fyrr greinir.

Stefndur byggir sýknukröfu sína á því, að viðskipti sín við stefnanda hafi verið gerð upp að fullu hinn 30. sept. 1948. Skýrir hann svo frá, að í september það ár hafi stefnandi komið til sín og hafi þá orðið að samkomulagi, að viðskipti þeirra yrðu gerð upp á ákveðnum tíma, en áður en til þess kæmi, hafi hann fengið stefnu frá honum fyrir inneign sinni. Kveðst stefndur þá hafa hringt til Jóns Eiríkssonar hdl., þar sem hann þóttist vita, að hann stæði á bak við málssóknina. Varð þetta til þess, að upp úr hádegi hinn 30. sept. kom stefnandi ásamt Jóni Eiríkssyni á skrifstofu stefnds, og kveður stefndur, að þá hafi skipti þeirra verið gerð upp, eins og þeir óskuðu, og þeir gefið honum kvittun á stefnuna, eins og áður er greint. Eftir þetta hafi stefnandi ekkert unnið hjá honum, en hins vegar hafi hann fengið lánaða smámuni í verzlunum sínum og skuldi sér því eitthvað smávegis.

Jón Eiríksson hdl. hefur gefið vitnaskýrslu í málinu og staðfest hana með eiði. Sagði hann m. a., að hann hefði samið stefnuna fyrir stefnandann, sem gefin var út 28. sept. 1948 og áður er getið um, og hefði verið tilætlunin, að stefnan lyti aðeins að þeim kröfuliðum, sem ágreiningur var um milli aðilja. Hafi þetta einnig komið til

orða, er stefndur greiddi stefnukröfuna hinn 30. sept., og hafi þá stefndur lýst yfir því, að innstæða stefnanda samkv. bókum sínum stæði óbreytt þrátt fyrir greiðslu stefnukröfunnar. Stefndur hefur hins vegar algerlega neitað, að nokkuð væri hæft í þessu.

Þá hefur stefnandi lagt fram vottorð frá Jóni Eiríkssyni hdl. sem skattstjóra í Vestmannaeyjum. Segir þar, að skv. framtali stefnds fyrir árið 1949 sé stefnandi meðal skuldheimtumanna hans með inneign hinn 31. des. 1948, að upphæð kr. 20.712,45.

Stefndur hefur ekki sérstaklega mótmælt þessu vottorði, en hins vegar hefur hann lagt fram eftirrit af bréfi til sín frá Óskari Sigurðssyni endurskoðanda, dags. 15. febr. sl. Segir í bréfi þessu, að á skrá um skuldunauta og skuldheimtumenn, sem fylgdi uppgjöri stefnds fyrir árið 1949, séu heimilisföng viðkomandi manna ekki tilgreind, en skrár þessar kveðst endurskoðandinn hafa látið rita upp eftir listum frá stefndum, sem höfðu engar upplýsingar að geyma umfram nöfn og upphæð. Á listum þessum sé maður, að nafni Hjálmar Jónsson, talinn með inneign, að fjárhæð kr. 20.712,45, en annar Hjálmar Jónsson með skuld kr. 7.889,51. En þar eð heimilisföng séu ekki tilgreind frekar en við önnur nöfn á listunum, sé ekki unnt fyrir sig skv. þessum listum að segja til um, við hvaða mann sé átt.

Stefndur hefur ekki gefið upp, við hvaða menn væri átt, sem báru nafn stefnanda á umræddum skrá, er fylgdu framtali stefnds fyrir árið 1949. Hann hefur ekki heldur neitað því, að annar þeirra væri stefnandi. Kunnugt er, að einn alnafni stefnanda er hér í bæn-um, en ekki þykir réttinum sennilegt, að hann hafi átt stórar fjárhæðir hjá stefndum. Og með því að stefndur hefur þrátt fyrir gefin tilefni látið hjá liða að leggja fram viðskiptareikning stefnanda fyrir árið 1948, verður að ganga út frá, að samkvæmt bókhalði stefnds sé stefnandi skrifaður fyrir inneign kr. 20.712,45 í árslok 1948, eins og segir í vottorði skattstjórans. Af þessu leiðir, að kaupkrafa stefnanda hefur ekki fallið niður fyrir greiðslu, og kemur þá til athugunar, hvort hún kunni að vera niður fallin af öðrum ástæðum.

Rétt er að visu, að orðalag stefnunnar, sem stefnandi lét gefa út í september 1948 og áður er tilfærð, bendir til, að stefnt sé út af heildarkröfum stefnanda, og af orðalagi kvittunarinnar, sem stefnandi og málflutningsmaður hans undirrituðu á stefnuafritið, mætti ætla, að um fullnaðarskil hefði verið að ræða. En þar eð ekki kemur fleira til og innstæða stefnanda nam verulegum fjárhæðum, virðist ekki unnt að líta svo á, að stefnandi hafi með þessu gefið stefndum réttmæta ástæðu til að ætla, að hann gæfi honum eftir innstæðu sína. Verður því ekki talið, að krafan sé niður fallin fyrir eftirgjöf, og leiðir það til þess, að telja verður hana enn í gildi, þar eð öðrum sýknuástæðum virðist ekki til að dreifa.

Stefndur hefur ekki gert athugasemdir við einstaka liði á reikningi stefnanda og ekki lagt fram viðskiptareikning hans fyrir árið 1948, eins og þegar hefur verið tekið fram. Verður reikningur stefn-

anda því tekinn til greina, eins og hann er, að því undanskildu, að rétt þykir að lækka hann um kr. 2.000,00 vegna áætlaðrar vöruúttektar, sem stefnandi hélt, að væri vanfærð á reikningnum, eins og fyrr er getið. Verður því niðurstaða málsins sú, að stefndur verður dæmdur til að greiða kr. 25.028,00 að fráðregnum kr. 2.000,00 eða kr. 23.028,00 ásamt 6% ársvöxtum af upphæðinni frá 1. janúar 1949 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

M/b Helgi, VE. 333, fórst við Faxasker 7. janúar 1950 eða tæpum 4 mánuðum áður en mál þetta hófst. Sjóveðskrafa í skipinu verður því ekki tekin til greina.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Helgi Benediktsson, greiði stefnanda, Hjálmari Jónssyni, kr. 23.028,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1949 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. marz 1954.

Nr. 92/1953. **Guðlaugur Halldórsson, Ágúst Matthíasson, Gísli Þorsteinsson og Þorsteinn Sigurðsson**

(Gunnar Þorsteinsson)

gegn

Oddsteini Friðrikssyni (Ólafur Þorgrímsson).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gísur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Jóhannesson.

Skaðabótakrafa út af riftun skiprúmssamnings.

Dómur Hæstaréttar.

Frey móður Þorsteinsson fulltrúi og samdómsmennirnir Lúðvík N. Lúðvíksson og Páll Þorbjörnsson hafa kveðið upp héraðsdóminn.

Áfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. júní 1953, krefjast þess, að þeim verði dæmd sýkna